

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 1/2000

Eðalvörur ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 31. desember 1999, er barst áfrýjunarnefnd 3. janúar 2000, hefur Sigurður Þórðarson, fyrir hönd Eðalavara ehf., kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/1999](#), dags. 2. desember 1999.

Með ákvörðuninni er áfrýjanda með vísan til 20. og 21. gr. laga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannað að auglýsa með orðunum „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“.

Af kæru áfrýjanda má skilja að hann krefjist þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/1999 verði felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að í júlí 1999 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lyfju hf. vegna auglýsinga áfrýjanda í dagblöðum. Í umræddum auglýsingum sem voru fyrir Acidophilus+mjólkursýrugerla var tekið fram að umrædd vara fengist í öllum apótekum nema Lyfju.

Meðferð Samkeppnisstofnunar á erindinu er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

Á fundi samkeppnisráðs 2. desember 1999 var mál þetta tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 38/1999.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að auglýsa með orðunum: „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“, þar sem slíkt er ósanngjarnt og til þess fallið að gefa neikvæða mynd af fyrirtækinu. Bannið tekur gildi við birtingu.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Samkeppnisráð taldi ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið og auk kæru bárust ekki frekari athugasemdir frá áfrýjanda.

III.

Áfrýjandi telur að hin kærða ákvörðun eigi sér ekki stoð í lögum þó að vísað sé til 20. og 21. gr. samkeppnislaga í ákvörðuninni.

Áfrýjandi bendir á að rétt sé að vara sú sem auglýst sé í umræddri auglýsingu fáið í öllum apótekum nema Lyfju hf. Áfrýjandi kveður nauðsynlegt að auglýsa útsölastaði vörunnar og þar sem varan fáið í öllum apótekum nema Lyfju hf. sé ekki hægt að auglýsa útsölastaði á annan hátt. Ef útsölastaðir væru auglýstir á annan hátt væri ekki pláss fyrir annan texta í auglýsingunni.

Samkeppnisráð er sammála því mati auglýsinganefndar að framsetning umræddrar auglýsingar sé til þess fallin að gefa neikvæða mynd af Lyfju hf. Á þann hátt telur ráðið að auglýsingin brjóti gegn góðum viðskiptaháttum og þar með ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

IV.

Niðurstöður.

Að virtum þeim gögnum, er liggja fyrir í máli þessu, og með vísun til þeirra röksemda er fylgdu ákvörðun samkeppnisráðs, fellst áfrýjunarnefnd samkeppnismála á þá niðurstöðu, sem þar kemur fram.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/1999, dags. 2. desember 1999, skal standa óhögguð.

Reykjavík, 22. febrúar 2000

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir